

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 217/2014

2014/EES/73/14

frá 7. mars 2014

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar salmonellu í svinsskrokkum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005⁽²⁾ er mælt fyrir um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir tilteknar örverur og framkvæmdarreglur sem stjórnendur matvælafyrirtækja verða að uppfylla að því er varðar almennar og sértækar kröfur um hollustuhætti, sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, einkum viðmiðun varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu, sem á við um salmonellu í svinsskrokkum, til að verjast mengun við slátrun.
- 2) Hinn 3. október 2011 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu vísindalegt álit um hættu fyrir lýðheilsu sem skoðun á kjöti (svín) á að ná yfir⁽³⁾, þar sem salmonella er skilgreind sem mikil áhætta fyrir lýðheilsu í tengslum við neyslu á svinakjöti og mælt er með að komið sé í veg fyrir mengun svinsskrokka af salmonellu. Matvælastofnun Evrópu leggur m.a. til að styrkja viðmiðunina varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu varðandi salmonellu í svinsskrokkum.

- 3) Til að draga úr algengi salmonellu í svinsskrokkum ætti að efla eftirlit með hollustuháttum við slátrun í samræmi við ákvæðin í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 218/2014 frá 7. mars 2014 um breytingu á viðaukum við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 og við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005⁽⁴⁾ og í kjölfarið ætti að draga úr fjölda jákvæðra sýna.
- 4) Kröfurnar sem kveðið er á um í reglugerðinni fela í sér aðlögun á núverandi starfsvenjum fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja. Því er við hæfi að heimila frestun á beitingu þessarar reglugerðar.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2073/2005 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Í stað línu 2.1.4 í 2. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 komi eftirfarandi:

„2.1.4 Skrokkar af svinum	<i>Salmonella</i>	50 ⁽⁵⁾	3 ⁽⁶⁾	Finnst ekki á svæðinu sem er prófað fyrir hvern skrokk	EN/ISO 6579	Skrokkar eftir snyrtingu en fyrir kælingu	Umbætur í hollustuháttum við slátrun og endurskoðun eftirlits með ferlinu, með uppruna dýranna og með ráðstöfunum varðandi smitvarnir á upprunabúgjörðunum“
---------------------------------	-------------------	-------------------	------------------	--	-------------	---	---

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 69, 8.3.2014, bls. 93. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 211/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1.

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(10), 2351.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 69, 8.3.2014, bls 95

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júní 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
